

81
20. maí

REGLUGERÐ

um skemmtanaskatt í Raufarhafnarhreppi.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922, og lög nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Raufarhafnarhreppi og aðgangur er seldur að og eigi eru með lögum undanþegnar skatti.

2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

1. flokkur:

- a. Fyrirlestrar og upplestrar.
- b. Söngskemmtanir og hljómleikir.
- c. Sjónleikir.
- d. Kappleikir og íþróttasýningar, annarra en áhugamanna.
- e. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.

2. flokkur:

- a. Dansleikir og danssýningar.
- b. Loddara- og fjölleikasýningar.
- c. Allar aðrar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki eru hér taldar sérstaklega.

3. gr.

Af þeim skemmtunum, sem taldar eru í 1. flokki, skal greiða 10% af aðgönguyri og af þeim, sem taldar eru í 2. flokki, 20%.

Ef skemmtun er margþætt, skal miða við þann þátt hennar, sem hæst er skattlagður.

4. gr.

Undanþágu frá skattgreiðslu getur hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps veitt, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni, eða til styrktar framfara og menningarmálum í hreppnum.

5. gr.

Hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps hefur eftirlit með, að reglugerð þessari sé framfylgt og sér um innheimtu skattsins, og er heimilt að hafa eftirlit með skemmtunum og sölu aðgöngumiða. Getur hún ráðið til þess sérstakan mann eða falið það lögæzlumönnum hreppsins.

6. gr.

Hver sá, sem hyggst halda skemmtun, skal tilkynna það oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær hún skuli haldin og afhenda honum til stimplunar í tæka tíð alla þá aðgöngumiða, er nota á við skemmtunina. Aðgöngumiðar séu þannig gerðir, að þeir verði auðveldlega rifnir í tvennt.

Eigi síðar en tveim dögum eftir að samkomu er lokið, skal sá, er fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða, svo og stofna af seldum aðgöngumiðum, og greiði um leið skatt af öllum þeim miðum, sem notaðir hafa verið, sbr. 3. grein þessarar reglugerðar. Hreppsnefnd getur þó ákveðið, að skatturinn skuli greiddur um leið og aðgöngumiðar eru stimplaðir.

7. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur á sama hátt.

81

20. maí

8. gr.

Oddviti eða eftirlitsmaður færir inn í sérstaka skemmtanaskattsbók nafn forstöðumanns skemmtunar, tegund skemmtunar og hvar og hvenær hún skuli haldin, tölu stimplaðra aðgöngumiða, sem afhentir eru forstöðumanni gegn kvittun hans ritaðri í bókina, tölu óseldra miða og seldra og útreikning skattsins. Falli skemmtun niður, skal þess getið í bókun.

9. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í sveitarsjóð, en halda skal fénu aðskildu frá öðrum tekjum hreppsins, og verja því til hvers konar menningar- og framfaramála í Raufarhafnarhreppi, eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar á hverjum tíma.

10. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000.00. Skulu mál út af brotum á reglugerðinni sæta meðferð opinberra mála.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. heimild í lögum nr. 34/1918, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 20. maí 1960.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Knútur Hallsson.

REGLUGERÐ

um skemmtanaskatt í Eyrarhreppi, N.-Ísafjarðarsýslu.

82

20. maí

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóvember 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og l. nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Eyrarhreppi, og aðgangur seldur að og eigi eru undanþegnar skatti með lögum.

2. gr.

Þessar skemmtanir flokkast þannig:

1. flokkur:

- a. Fyrirlestrar og upplestrar.
- b. Söngur.
- c. Hljómleikir.
- d. Sjónleikir.
- e. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- f. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.